

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um makaskipti á kirkjujörð. Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir með brjefi, dagsettu 13.f.m., tilkynnt mjer, að hans hátign konunginum hafi 12.s.m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess, að makaskipti sjeu höfð á jörðinni Kolstöðum í Miðdalahreppi, sem er eign Suðurdalapingaprestakalls í Dalasýslu, fyrir jörðina Syðra Skógskot í sama hreppi og 400 kr. í peningum, þannig, að hin fyrnefnda jörð eptirleidis, að því er allar skyldur og skatta snertir, verði skoðuð sem bændaeign, en hin síðarnefnda jörð sem kirkjujörð, og með því skilyrði, að hinar umgetnu 400 kr. verði settar á vöxtu í Söfnunarsjóði Íslands sem óskerðanlegur höfuðstóll, sem sje eign Suðurdalapingaprestakalls og beneficiarius njóti vaxta af, að frádreginni 1 krónu vaxtanna, er árlega leggist við höfuðstólinn.

66
4. júlí

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfisvöldum hjermed þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Reglugjörð

um lækning hunda af bandormum o. fl. í Dalasýslu.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skal hreppsnefndinni falið að annast um lækning hunda af bandormum og hafa eptirlit með því, að hlýtt sje fyrir mælum 5. gr. í lögum nr. 18, 22. maí 1890.

67

2. gr.

Hreppsnefndin skal skipta hreppnum í 3—4 deildir eptir því sem hún álitur þörf á, útvega lækningastað í hverri deild og setja einn áreiðanlegan mann til að framkvæma lækninguna í hverri deild, þó má sami maður framkvæma lækninguna í fleiri en einni deild. Lækningamenn þessir skulu safna að sjer á lækningastaðina öllum hundum, úr deildunum, tvisvar á ári, í apríl og nóvember, til lækninga. Skulu þeir tilkynna það eigendum þeirra með nægum fyrirvara. Eigendum hundanna er skylt, að flytja þá á lækningastadinn og vitja þeirra þangað aptur.

3. gr.

Hverjum hundi skal gefa inn ákveðinu skammt af ormdrepandi meðali, og skal lækningunni, að því er snertir inngjöfina og meðferð á hundunum á undan inngjöfnni og á meðan meðalið er að verka, hagað nákvæmlega eptir fyrirsögn læknis.

4. gr.

Hreppsnefndin skal í tæka tíð útvega nægar byrgðir af meðulum til lækningarinnar. Eigi má brúka meðal, sem lengi er búið að geyma.

5. gr.

Nú valda forföll, að hundur kom eigi til lækninga, og skal þá húsbóndi hans, svo fljótt sem auðið er á eptir, færa hann þeim, er lækna skal, en ella skal áltast, að hann hafi skotið honum undan lækningu.

10. dag júlím. 1899.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja.

67

6. gr.

Hver hundur skal látinn bera hálsband, er merkt sje tölum. Sýslunefndin skal sjá um, að allt af sjeu til næg merki á alla hunda sýslunnar, og skulu hreppstjórar, hver í sínum hreppi, hafa á hendi afhending og sölu þeirra. Nú vanrækir eigandi hunds að setja á hann rjett merki, og skal það þá sektum varða, en allir hundar, sem merkjalausir ganga, skulu rjettdræpir vera.

7. gr.

Á hverjum hreppaskilum skulu húsbændur tilgreina tölumerki hunda þeirra, sem á hans heimili eru, og skal hreppstjórinn rita það í sjerstaka bók. Merkin skulu með sínum hætti fyrir hvern hrepp, og skal skila merkinu aptur, ef hundur er fluttur hreppa á milli, en fá þar aptur nýtt merki, sem hreppstjóri skal skyldur að láta af hendi endurgjalslaust, gegn ávísun hreppstjóra þess hrepps, er hundurinn var fluttur frá.

8. gr.

Nú tapast merki af hundi, og skal eigandi hans þegar skýra hreppstjóra frá því og fá nýtt merki í stað hins glataða. Hreppstjóri skal geta þess í hundahaldsbókinni, að merkið sje úr gildi fallið, og má enginn nota það, þótt það finnist. Nú drepst hundur eða er drepinn, og skal þá skila merki hans til hreppstjóra eða brúka það á annan hund, sem fenginn er í stað hins dauða. Sje það eigi gjört, skal eigandi gjalda skatt af hundinum, sem lifandi væri, unz hann hefir skilað merkinu eða sannað, að það sje glatað.

9. gr.

Lækningamenn skulu rita hjá sjer tölu og merki þeirra hunda, er þeir lækna, og gefa hreppsnefndinni skýrslu um, en hún sendir eina aðalskýrslu til sýslunefndarinnar, sem skal hafa eptirlit með, að hreppsnefndirnar gæti skyldu sinnar, samkvæmt reglugjörð þessari.

10. gr.

Lækningamönnum ber, sem þóknun fyrir starfa sinn, 30 auro á ári fyrir hvern hund, sem þeir lækna. Borgunin greiðist úr sýslusjóði, samkvæmt reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar.

11. gr.

Hreppsnefndir skulu, hver í sínum hreppi, brýna fyrir mönunum, að brenna eða grafa djúpt í jörð niður alla sulli úr fíenadi þeim, er slátrað er og hausa af höfuðsóttarkindum. Sje verzlunarstaður í hreppnum, eða ef kaupmenn láta reka saman fje til slátrunar á einhverjum vissum stöðum í hreppnum, skal hreppstjórinn sjá um, að þar sje nákvæmlega gætt fyrir mæla 5. gr. í lögum nr. 18, 22. maí 1890, og kæra fyrir lögreglustjóra, ef út af er brugðið.

12. gr.

Vanræki hreppsnefnd, hreppstjóri eða lækningamenn að hlýða þessari reglugjörð, varðar það 2—10 kr. sekt eptir málavöxtum. Sje hundi skotið und-

an lækningu eða lækningamönnum sýnd óhlýðni eða mótþrói við hundalækningar, varðar það 1—10 kr. sekt. Sömu sektum varðar það og, ef vanrækt er að láta hunda bera rjett merki. Sektirnar renna í sýslusjóð.

* * *

Þannig samþykkt á sýslufundi Dalasýslu 1. maí 1899.

Skrifstofu Dalasýslu 9. maí 1899.

Björn Bjarnarson.

Reglugjörð.

fyrir Skagafjarðarsýslu

um lækning hunda af bandormum.

1. gr.

Sýslunefndin skipar 1, eða eptir ástæðum, fleiri menn í hverjum hreppi, er annast skulu hreinsun hunda í hreppnum, og skipta þeir, ef fleiru eru, starfinu milli sín, en greini þá á, sker hreppstjóri úr. Skyldir eru þeir af hafa starfa þennan á hendi í 3 ár í senn, en ekki eru þeir skyldir að gegna starfa þessum næstu 3 ár þar á eptir. Enginn, sem er í sjálfstæðri stöðu, getur skorast undan starfi þessu.

2. gr.

Alla missirisgamla hunda og eldri í hreppnum skal hreinsa einu sinni á ári í nóvembermánuði og skal öllum hundaeigendum tilkynnt í tæka tíð fyrir fram hvar og hvenær hundalækningin skal fram fara.

3. gr.

Heimilt er lækningamönnum að haga lækningum svo sem bezt þykir við eiga, þó svo að fulltryggilegt sje. Skyllt skal öllum hundaeigendum að koma með hunda sína á þá staði, sem lækningamenn kunna að ákveða og hjálpa kauplaust til við inngjöf meðalanna, að viðlögðum sektum.

Valdi forföll að hundur komi eigi til lækninga skal eigandi hans, svo fjótt sem unt er láta lækna hann samkvæmt ráðstöfun lækningamanns, en álitist ella að hafa skotið honum undan lækningu.

4. gr.

Lækningunni skal hagað þannig, að hundurinn sje sveltur á undan henni í minnsta kosti í 12 klukkutíma og að honum sje gefin inn 6—8 grömm af kamala-dupti, eða öðru áreiðanlegu hreinsunarmedali að læknisráði, hrærðu út í graut eða mjólk. Það hundarnir fá vanalega klýju eptir inntökuna, skal reyna að hafa af fyrir þeim, vekja hug þeirra á einhverju, láta vel að þeim, eða, ef það dugar ekki, með því að gjöra þá sneypa. Hús það, er lækningin hefir farið fram í, skal hreinsa vandlega á eptir, og brenna eða grafa vandlega það, sem gengið hefir niður af hundunum.